



Fyrir matvöruverslanir vegna COVID-19

Góð ráð til starfsmanna

- Tryggið að handspritt sé til staðar fyrir viðskiptavini við innganga og víðar í versluninni.
- Takmarkið fjölda viðskiptavina þannig að hægt sé að halda tveggja metra regluna.
- Starfsmenn sem eru veikir eiga ekki að koma til vinnu.
- Tryggið persónulegt hreinlæti. Farið eftir umgengnisreglum. Þvoið hendur með vatni og sápu og notið handspritt.
- Farið ekki með vinnufatnað/hlífðarföt heim.
- Munið að einnota hanskar eru einnota. Notkun hanska kemur ekki í staðinn fyrir handþvott.
- Notið sápu, vatn og sótthreinsiefni við þrif. Gæta skal sérstaklega að þrifum snertiflata, s.s. síma, slökkvara, hurðarhúna, spjaldtölva, lyklaborða o. fl.
- Aukið þrif í verslunarrými, sérstaklega snertifleti, s.s. handföng og hurðir kæla og frysta, posatakkaborð, sjálfsafgreiðslustöðvar, körfur og kerrur fyrir viðskiptavini, áhöld, ílát og hlífar á sjálfsafgreiðslubörum.
- Safnist ekki saman í sameiginlegum rýmum, s.s. á kaffistofu. Starfsmenn skulu ekki deila matvælum.